

Ár 2013, fimmtudaginn 21. nóvember kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. **Jöfnunarsjóði sveitarfélaga frá 15. nóvember 2013.**

Í bréfinu er kynnt áætluð úthlutun framlags vegna sérparfa fatlaðra nemenda í grunnskólum fjárhagsárið 2014.

Lagt fram til kynningar.

1.2. **Ungmennafélagi Íslands frá 15. nóvember 2013.**

Í bréfinu er samþykkt frá sambandsþingi Ungmennafélags Íslands sem haldin var 12. til 13. október 2013.

Lagt fram til kynningar.

1.3. **Landskerfi bókasafna frá 8. nóvember 2013.**

Í bréfinu er kynnt að stjórn Landskerfis bókasafna hf hefur samþykkt samstarfssamning við TEL.

Lagt fram til kynningar.

1.4. **Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands frá 5. nóvember 2013.**

Í bréfinu er kynnt ný vefsíða, Hreyfitorg sem er ætlað að veita góða yfirsýn yfir þá valkosti sem eru í boði á sviði hreyfingar.

Lagt fram til kynningar.

1.5. **Snorraverkefninu frá 4. nóvember 2013.**

Í bréfinu er óskað eftir að Hveragerðisbær styrki Snorraverkefnið.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

1.6. **Rangárbökkum ehf ódagsett.**

Í bréfinu er óskað eftir fjárframlagi til Hollvinasamtaka Rangárbakka.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

2. Fjárhagsleg málefni:

2.1. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Lögð fram umsókn um að nemandi með lögheimili í Hveragerði fái að stunda nám í Landakotsskóla í Reykjavík.

Bæjarráð frestar afgreiðslu erindisins og felur bæjarstjóra að afla frekari gagna.

3. Fundargerðir til kynningar:

3.1. Starfshópur um skólaþjónustu í Árnesþingi frá 6. nóvember 2013.

3.2. Aðalfundur SASS frá 24. og 25. október 2013.

3.3. Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands frá 24. október 2013.

3.4. Aðalfundur Skólaskrifstofu Suðurlands frá 24. október 2013.

3.5. Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá 24. október 2013.

3.6. SASS frá 8. nóvember 2013.

3.7. Heilbrigðisnefnd Suðurlands frá 23. október 2013.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:41

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)